

Verkmenntaskólinn á Akureyri Náms- og starfsráðgjöf

Verkmenntaskólinn á Akureyri leggur sig fram um að aðstoða alla nemendur við að ná árangri í námi sínu.

**Nemendum býðst að fara í stoðtíma í þeim fögum sem þeir óska.
Upplýsingar um tímasetningar og fög eru á upplýsingatöflum skólans
sem og [vef](#) skólans.**

Nemandi sem fengið hefur greiningu um lesblindu eða aðra námserfiðleika þarf að koma við hjá námsráðgjöfum.

Til þess hægt sé að veita þjónustu þarf að hafa greiningu í höndunum.

- Nemendum er boðið upp á einstaklingsviðtöl við námsráðgjafa.
- Nemendur eru hvattir til að upplýsa kennara sína ef þeir glíma við námserfiðleika. Námsráðgjafi getur aðstoðað við slíkt ef þess er óskað.
- Nemendum með grun um námserfiðleika er bent á að fara í greiningu hjá þeim sem bjóða uppá slíkt. Hjá aðilum innan skólans er hægt að fara í lestrar – og/eða stærðfræðigreiningu (nánari upplýsingar hjá námsráðgjöfum).

Veitt eru viðtöl í framhaldi af greiningu um möguleg úrræði.

[Einkenni dyslexiu](#)

Einkenni dyscalculiu

- Nemendur með lestrarörðugleika eru hvattir til að nýta sér þjónustu [Blindrabókasafnsins](#) með námsefni á hljóðrænu formi. (Nánari upplýsingar hjá námsráðgjöfum)
- Kennarar skólans eru hvattir til að upplýsa Blindrabókasafnið um hvaða kennslubækur eru notaðar til þess að hægt sé að lesa þær inn og hafa til

reiðu.

- Boðið hefur verið upp á áfangann NÁM 173 til stuðnings við nemendur með námserfiðleika
- Tilhliðrun í námi. (Frekari upplýsingar hjá námsráðgjöfum).
- Viðhorf til prófa, Charles D. Spielberger.

Á prófatíma

Sækja þarf um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil til þess námsráðgjafa sem sér um skráningu

- Lengri próftími
- Prófin lesin inn á Mp3

Í mjög sértækum tilvikum er einnig möguleiki að sækja um:

- Stækkuð próf
- Próf á lituðum pappír
- Próftöku í sérstofum
- Munnlegt próf /viðbót

Nemandinn

Mikilvægt er að hver nemandi sé meðvitaður um hvaða þjónusta gagnast honum best. Hann þarf að vera duglegur að prófa sig áfram með mismunandi aðferðir s.s. leturgerð, leturstærð, línubil og nýta sér námsefni á hljóðrænu formi. Sumum finnst gott að nota litaglærur, öðrum að skipta um lit á pappírnum. Litaglærur fást hjá námsráðgjöfum og kosta 500 kr. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með í tímum og skoða kennsluáætlun.

Hver og einn þarf að finna út hvað hentar honum hverju sinni.